

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	26.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu, varðandi að ársyfirlit hefur ekki borist Umhverfisstofnun og umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var ekki skilað fyrir en 5. júlí sl. Tvær ábendingar voru settar fram, annars vegar vegna útreikninga á losun fosfórs og hins vegar um meðhöndlun dauðfisks. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sjókvíakeldi með leyfi til ársframleiðslu á 700 tonnum af regnbogasilungum og þorski, að hámarki 650 tonna lífmassa á hverjum tíma af regnbogasilungum og að hámarki 50 tonna lífmassa á hverjum tíma af þorski.

Farið var í vettvangsheimsókn, Davíð R. var fulltrúi rekstraraðila og Sigríður Kristinsdóttir eftirlitsmaður fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning
- Breytt fyrirkomulag boðunar eftirlits
- Skoðunarferð í kvár

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti en ársyfirliti hefur ekki verið skilað og grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir en 5. júlí sl. og eru það frávik frá starfsleyfi.

Samkvæmt útreikningum Umhverfisstofnunar var losun fosfórs innan leyfilegra marka starfsleyfis en losun fosfór í viðtaka skal vera undir 10,0 kg/tonn lífmassaaukningu á ári.

Rekstraraðila var bent á að fara betur yfir hvaða upplýsingum ber að skila og sjá til þess að upplýsingarnar berist innan þess frests sem tiltekinn er í starfsleyfi.

Fóðrun er handvirk en fylgst er með því hvenær fiskarnir hætta að éta með myndavélakerfi. Í gæðahandbók er áætlun um þjálfun nýrra starfsmanna og viðbragð við bráðamengun hafs og stranda.

Samkvæmt upplýsingum úr Fishtalk var lífmassi á hverjum tíma undir hámarki leyfilegs magns í starfsleyfi. Rekstraraðili er einungis með regnbogasilungum í eldinu.

EKKI ERU NOTUÐ NEIN LYF EÐA SÝRA, DAUÐFISKUR OG AFSKURÐUR ER FLUTTUR TIL KLOFNINGS ÞAR SEM HANN ER SETTUR Í MELTU. EKKERT FORMALÍN ER GEYMT HJÁ REKSTRARAÐILIA.

Farið far í skoðunarferð í kvíar. Verið er að slátra úr kvíum á svæði tvö en enginn fiskur er á svæðum eitt og þrjú. Slátrun úr svæði tvö lýkur á næsta ári.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Skila skal árlega til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum skv.34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisupplýsingum var skilað inn 5. júlí og er frávikin því lokað.



## ÁBENDINGAR

Um meðhöndlun dauðfisks og annars sláturúrgangs gildir reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um aukaafurðir dýra, sbr. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðir til manneðis. Matvælastofnun veitir frekari upplýsingar um meðhöndlun í samræmi við reglugerðina.

Rekstaraðila var bent á að fara yfir útreikninga á losun fosfórs og tryggja að þeir séu í samræmi við leiðbeiningar.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2023

*Sigr. Kristinsd*

\_\_\_\_\_  
Sigríður Kristinsdóttir

